



Fjölbrotaskóli Suðurlands
Haustönn 2025

SPÆN1SX04

Byrjunaráfangi 1 í spænsku á starfsbraut

Kennari:	Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir	Sk.st.	GKS
-----------------	--------------------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing:

Þar sem þetta er byrjunaráfangi, er megináhersla lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Strax frá upphafi eru nemendur þjálfðir í lesskilningi ásamt samskiptaþáttunum tali, hlustun og ritun.

Áhersla er lögð á réttan framburð, uppbyggingu orðaforða og að þjálfra grunnatriði málfræðinnar. Fléttað er inn í kennsluna menningu spænskumælandi landa. Til að þjálfra ofantalin atriði er meðal annars hægt að styðjast við eftirfarandi efnisþætti:

Kynning á sjálfum sér og öðrum, að kveðja og heilsa, fjölskylda og fjölskyldutengsl, aldur, búseta, starf, þjóðerni, lönd og tungumál, klukka og tímasetningar, tölur og dagar, daglegar athafnir og hús og hóbýli.

Áhersla verður lögð á að nemendur tjái sig sem mest á spænsku í töluðu máli, og einnig verður lögð áhersla á fjölbreytta og skapandi verkefnavinnu þar sem tekið er tillit til áhuga nemenda eins mikið og unnt er. Unnið verður með fjölbreytt efni, meðal annars tónlist, myndbönd, leiki og ýmist efni af Netinu sem hjálpar við að komast nær spænskumælandi menningarheimi og eflir menningarlæsi nemenda.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þeim orðaforða sem farið verður yfir í áfanganum
- mannlífi, menningu og siðum í löndum þar sem tungumálið er talað sem móðurmál/fyrsta mál og þekkja samskiptavenjur

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt og áheyrilega
- að taka þátt í einföldum samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á
- að nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi.

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fylgjast með frásögnum og erindum
- takast á við margvíslegar aðstæður í almennum samskiptum
- miðla eigin þekkingu, skoðunum, tilfinningum sem og persónulegri reynslu

Námsefni og gagnlegar vefsíður:

- ❖ Verkefnahefti og önnur ljósrit frá kennara.
- ❖ Þunn plastmappa fyrir ljósrit og verkefni
- ❖ A5 eða A4 stílabók
- ❖ Námsefni á Innu
- ❖ Orðabækur á netinu:
 - www.snara.is (orðabók á netinu, frír aðgangur á vefsvæði FSu)
 - <https://www.wordreference.com/>
 - <https://www.spanishdict.com/>
- ❖ Forrit og síður: Duolingo, Quizlet, Kahoot og Wordwall

Námsmat:

Áfanginn er símatsáfangi.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Kaflapróf	Fjögur smápróf úr efni áfangans. Unnið er með hjálpargögn nemenda.	20%
Hlustunarpróf	Hlustunarpróf/verkefni	10%
Munnleg færni	Munnlegt verkefni/Munnlegt próf (verður tekið í lok annar)	10%
Verkefnavinna	Ýmis verkefni (kvikmyndaverkefni, verkefnahefti og Innuverkefni)	40%
Annað	Mæting, ástundun og þátttaka í tímum.	20%
SAMTALS		100%

Þátttaka í prófum og tímum, vinnusemi og verkefnavinna nægir til að ná áfanganum.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni – viðfangsefni	Próf og verkefni
33	11. – 17. ágú.	1. kennsludagur 19. ágúst. Kynning á áfanga, námsefni og námsáætlun. Nemendur kynna sig.	
34	18. – 24. ágú.	Spænska í heiminum. Stafrófið, framburður - að kynna sig og aðra	Innuverkefni: Spænskumælandi þjóðir
35	25. – 31. ágú.	Tölurnar 0-20. (Bingó) Einfaldar setningar	Innuverkefni: Tölur 0-20
36	1. – 7. sept.	Klukkan	Innuverkefni: Klukkan
37	8. – 14. sept.	Tölurnar rifjaðar upp	Smápróf 1: Að heilsa og kveðja. Tölurnar 0-20. Klukkan.
38	15. – 21. sept.	Starfsheiti og fjölskyldan	Innuverkefni: Starfsheiti og fjölskyldan (upplestrarverkefni)
39	22. – 28. sept.	Starfsheiti og fjölskyldan	Smápróf 2: Starfsheiti og fjölskyldan
40	29. sept. – 5. okt. Þrískólad. 29. sept. Áfangamessa 1. okt.	Morgunmatur, vikudagarnir og vikan okkar	Innuverkefni: Vikan mín
41	6. – 12. okt. Valdagur 8. okt.	Morgunmatur, vikudagarnir og vikan okkar	Smápróf 3: Morgunmatur og vikudagarnir
42	13. – 19. okt. Miðannarmat 17.okt.	Kvikmynd – Við horfum á mynd í tíma	Kvikmyndaverkefni
43	20. – 26. okt. Hautfrí 23.-24. okt.	Upprifjunaræfingar fyrir hlustunarpróf 1	Hlustunarpróf 1 (æfing)
44	27. okt. – 2. nóv.	Á veitingastað	Innuverkefni: Á veitingastað
45	3. nóv. – 9. nóv.	Húsið okkar	Innuverkefni: Húsið okkar
46	10. – 16. nóv.	Húsið okkar	Smápróf 4: Á veitingastað og húsið okkar
47	17. – 23. nóv.	Upprifjunaræfingar fyrir hlustunarpróf 2	Hlustunarpróf 2 (æfing)
48	24. – 30. nóv.	Upprifjun og æfingar fyrir munnlegt próf	Munnlegt próf SKRAP (ólokin próf)
49	1.– 7. des.	Menningarverkefni: Jólalhald hjá spænskumælandi þjóðum	Innuverkefni: Jólalhald hjá spæ.mæl. þjóðum
50	8. – 14. des. Síðasti kennslud. 10. des.	Uppgjör annarinnar - Jólaglens	
51	15. – 21. des. Einkunnabirting 16. des.	Prófsýning og einkunnabirting	
52	22. des. – 8. jan.	JÓLAFRÍ	

Sérreglur áfangans:

- Nemendur halda vinnumöppu þar sem þeir geyma öll sín verkefni og annað tengt spænskunni.
- Nemendur þurfa að fylgjast með dagskrá komandi viku inni á INNU og bera því sjálfir ábyrgð á því að standa skil á verkefnum á réttum tíma og læra fyrir próf.
- Einkunnin 0 fæst fyrir vanskil á verkefnum.
- Notkun síma, tölvu og annarra raftækja er ekki heimil í tímunum nema kennari taki það sérstaklega fram, t.d. í tengslum við verkefnavinnu o.þ.h.
- Klósettráp er ekki æskilegt, frímínútur eru ætlaðar til þess að nota salernið. Vinsamlegast sýnið kennara ykkar og samnemendum þá kurteisi að byrja ekki tímann á því að fara á salernið og trufla/tefja kennsluna. Ef þið nauðsynlega þurfið að nota salernið, biðjið þá um leyfi kennara að fara fram.
- Ef þið þurfið einhverra hluta að fara fyrr úr tíma, látið þá kennarann vita í byrjun tímans eða fyrir tímann, ef mögulegt er.

Einnig skulu hafðar í huga skólasóknarreglur skólans:

- ❖ Kennari merkir við í upphafi kennslustundar. Mæti nemandi eftir það telst hann koma of seint.
- ❖ Nemandi telst fjarverandi úr kennslustund ef hann kemur eftir að 20 mínútur eru liðnar af kennslustund.
- ❖ Sé nemandi fjarverandi hlýtur hann 1 fjarvistarstig.
- ❖ Komi nemandi of seint í kennslustund hlýtur hann 0,33 fjarvistarstig.
- ❖ Yfirgefi nemandi kennslustund áður en henni lýkur og mætir ekki aftur í tímann fær hann fjarvist.

Að auki skal bent á að ef nemandi fer fram og er **10 mínútur eða lengur** frammi að jafngildir það **fjarvist**.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Með von um skemmtilegt samstarf,
17. ágúst 2025,
Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir